Deloitte.

Punkturinn 2.tbl. 5.árg. 2014 - Fréttabréf um skattamál

Í Punktinum að þessu sinni verður fjallað um breyttar reglur um frádrátt vegna ökutækjastyrks og dagpeninga samkvæmt nýju skattmati Ríkisskattstjóra fyrir árið 2014.

Þá er vakin athygli á nýjum upplýsinga-skiptasamningum sem tekið hafa gildi sem og nýjum tvísköttunarsamningi við Bretland sem áætlað er að komi til framkvæmda í janúar 2015.

Jafnframt þessu verður fjallað um nokkra nýlega dóma Hæstaréttar og einn dóm héraðsdóms Reykjavíkur er varða skattamál.

Við minnum á að sérfræðingar Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte eru ávallt reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- ***Morgunverðarfundur um milliverðlagningu: Miðvikudaginn 19. mars næstkomandi stendur Deloitte fyrir morgunverðarfundi um milliverðlagningu í viðskiptum tengdra aðila (e. transfer pricing).*** *Á fundinum verður fjallað um nýlega löggjöf á þessu sviði sem tók gildi núna um áramótin. Fundurinn fer fram á Grand Hótel Reykjavík (Gullteig) milli kl. 8:30-10:00. Aðgangseyrir er kr. 3.500 með morgunverði sem hefst kl. 8.00. Skráning á:* ***skraning@deloitte.is.*** *Sjá nánari upplýsingar í meðfylgjandi auglýsingu um fundinn.*
- ***Breyttar reglur um frádrátt vegna ökutækjastyrks og dagpeninga.*** *Sjá umfjöllun á bls. 2.*
- ***Nýir upplýsingaskiptasamningar hafa tekið gildi. Jafnframt því hefur verið undirritaður nýr samningur milli Íslands og Bretlands til að komast hjá tvísköttun á tekjur og söluhagnað. Áætlað er að samningurinn komi til framkvæmda 1. janúar 2015.*** *Sjá nánari umfjöllun á bls. 2.*
- ***Stjórnarmenn sem ekki höfðu annast fjármál eða skattskil félags voru ekki taldir bera refsiábyrgð á vangreiðslum innheimts virðisaukaskatts eða staðgreiðslu opinberra gjalda.*** *Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar frá 12. desember 2013 í máli nr. 354/2013 á bls. 2.*
- ***Ekki er heimilt að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap né gjöld til frádráttar tekjum eftir öfugan samruna í kjölfar skuldsettrar yfirtöku. Gengishagnað ber að tekjufæra þrátt fyrir að gengistap af sama stofni teljist ekki frádráttarbært.*** *Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 529/2013 á bls. 3.*
- ***Skattaðili dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektar-greiðslu að fjárhæð 8,8 m.kr. fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum í fjögur ár og ekki talið fram arðgreiðslur frá erlendu félagi og vaxtatekjur af erlendum bankareikningi.*** *Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 323/2013 á bls. 3.*
- ***Kröfur um opinber gjöld, þ.m.t. skatta, sem lögð eru á fjármálafyrirtæki í slitameðferð vegna tímabils eftir að þau hafa verið tekin til slita, flokkast sem búskröfur sem ganga framar forgangskröfum og almennum kröfum í skuldaröð.*** *Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar frá 5. febrúar 2014 í máli nr. 62/2014 á bls. 4.*
- ***Óheimil úthlutun fjármuna úr einkahlutafélagi til hluthafa sem jafnframt er starfsmaður telst til launatekna móttakanda og skattleggjast því sem launatekjur en ekki sem fjármagnstekjur.*** *Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar frá 13. febrúar 2014 í máli nr. 607/2013 á bls. 4.*
- ***Séu skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt ekki uppyllt, er skattaðila óheimilt að færa til frádráttar sölutap á móti söluhagnaði eigna.*** *Sjá umfjöllun um dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2835/2012 á bls. 4.*

Breyttar reglur um frádrátt vegna ökutækjastyrks og dagpeninga

Vakin er athygli á að Ríkisskattstjóri hefur gefið út skattmat vegna ársins 2014 en þar koma fram breytingar er varða frádrátt á móti ökutækjastyrk sem og dagpeningum.

Hvað varðar ökutækjastyrk þá hefur kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda verið fastsettur í töflu og því ekki nauðsynlegt að halda utan um kostnað við rekstur bifreiðar. Þá er lögð áhersla á að skriflegur afnotasamningur liggi fyrir milli launagreiðanda og launþega vegna notkunar bifreiðar launþegans í þágu launagreiðandans og að launþegi haldi akstursdagbók eða aksturssskýrslu sem getur verið rafræn.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast frádráttur tiltekins kostnaðar á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri frádráttur en talinn er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrðin fyrir framangreindum frádrætti er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða aksturssskýsla, þ.m.t. á rafrænu formi, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis. Þá þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári. Færa þarf þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum þess síðarnefnda, utan venjulegs vinnustaðar og sá fyrrnefndi sannarlega greitt gistingu samkvæmt reikningi sem og fæði og annan ferðatengdan kostnað. Frádrátturinn er einnig háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda og launþega gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga og nafn og kennitala launþega.

Fái launþegi greidda dagpeninga frá lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu þurfa ætíð að liggja fyrir reikningar um kostnað vegna ferðalaga í þágu launagreiðandans. Frádráttur getur aldrei numið hærri fjárhæð en þeim kostnaði nemur sem sannað er að sé ferðakostnaður í þágu launagreiðandans.

Velkomið er að leita til Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte sé óskað eftir nánari upplýsingum um framangreint.

Nýir upplýsingaskiptasamningar og nýr tvísköttunarsamningur við Bretland

Nýir upplýsingaskiptasamningar hafa tekið gildi. Jafnframt því hefur verið undirritaður nýr samningur milli Íslands og Bretlands til að komast hjá tvísköttun á tekjur og söluhagnað. Áætlað er að samningurinn komi til framkvæmda 1. janúar 2015.

Vakin er athygli á að eftirfarandi upplýsingaskiptasamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis hafa öðlast gildi og voru birtir í C-deild stjórnartíðinda 11. febrúar 2014:

- Upplýsingaskiptasamningur við Grenada öðlaðist gildi 1. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Dóminíku öðlaðist gildi 7. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Úrugvæ öðlaðist gildi 14. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Sankti Lúsíu öðlaðist gildi 2. desember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Líberíu öðlaðist gildi 29. desember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Seychelles-eyjar öðlaðist gildi 19. október 2013.
- Upplýsingaskiptasamningur við Máritíus öðlaðist gildi 19. október 2013.

Þá gekk einnig í gildi 30. nóvember 2013, upplýsingaskiptasamningur við Panama.

Jafnframt því hefur verið undirritaður nýr samningur milli Íslands og Bretlands til að komast hjá tvísköttun á tekjur og söluhagnað. Í samningnum felst aðlögun að gildandi stefnu ríkjanna í tvísköttunarmálum og þeim breytingum sem orðið hafa á tvísköttunarfyrirmynd OECD frá því að núgildandi samningur var undirritaður 1991. Meginbreytingar frá fyrri samningi eru þær að tekinn verður upp afdráttarskattur á tilteknar tegundir þóknana ásamt því að tekin eru af öll tvímæli um að lífeyrissjóðir njóti ívilnana nýja samningsins. Þá hafa verið sett inn ákvæði sem heimila skattlagningu eftirlauna í greiðsluríki. Áætlað er að samningurinn komi til framkvæmda 1. janúar 2015.

Dómur Hæstaréttar frá 12. desember 2013 í máli nr. 354/2013 - Ákæruvaldið gegn X og Y - vanskil á innheimtum virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda

Stjórnarmenn sem ekki höfðu annast fjármál eða skattskil félags voru ekki taldir bera refsiábyrgð á vangreiðslum innheimts virðisaukaskatts eða staðgreiðslu opinberra gjalda.

X og Y voruð ákærð fyrir meiriháttar brot á skattalögum með því að hafa ekki staðið skil við ríkissjóð á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri B ehf., á tilteknu tímabili, skilagrein vegna staðgreiðslu á lögmæltum tíma og greiddum opinberum gjöldum sem haldið var eftir af launum starfsmanna félagsins.

Í forsendum að niðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að þótt X og Y hafi tekið sæti í stjórn félagsins á árinu 2003 þá lægi fyrir að þau hefðu ekkert komið að fjármálum þess eða skattskilum og hvorugt þeirra stýrt hvað skyldi greiða af skuldum félagsins. Þá hefði ákærði Y verið óbreyttur starfsmaður og ákærða X hafði aldrei starfað hjá félaginu. Félagið hafi hins vegar lotið daglegri stjórn framkvæmdastjóra sem einn annaðist öll fjármál þess og skattskil. Að þessu virtu og þegar höfð voru í huga tildrög þess að X og Y tóku sæti í stjórn félagsins og hvernig atvikum var að öðru leyti háttað voru þau sýknuð af þeim brotum sem þeim var gefið að sök.

Dómur Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 529/2013 - Samherji hf. gegn íslenska ríkinu

Ekki er heimilt að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap né gjöld til frádráttar tekjum eftir öfugan samruna í kjölfar skuldsettrar yfirtöku. Gengishagnað ber að tekjufæra þrátt fyrir að gengistap af sama stofni teljist ekki frádráttarbært.

Í málinu var deilt um heimild til gjaldfærslu vaxtagjalda vegna skuldar og nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps í kjölfar svonefnds öfugs samruna með skuldsettri yfirtöku. Þá var einnig deilt um skyldu S hf. til að tekjufæra gengismun af lánum.

Málsatvik voru á þann hátt að fjárfestingarfélagið F ehf., sem var í eigu stærstu hluthafa S hf., stofnaði til skulda vegna kaupa á hlutum í S hf. Í kjölfarið voru félögin sameinuð og var F ehf. skilgreint sem yfirtekna félagið en S hf. sem yfirtökufélag (öfugur samruni). Með samrunanum voru eignarhlutir F ehf. í S hf. færðir út og skuldir F ehf. færðar inn í S hf. Aflaheimildir í eigu S hf. voru endurmetnar og hækkaðar en í heildina lækkaði eigið fé S hf. um helming vegna samrunans.

F ehf. átti yfirfæranlegt skattalegt tap sem hið sameinaða félag S hf. nýtti sér í skattskilum sínum í kjölfar samrunans. Þá færði S hf. til gjalda allan kostnað vegna skulda sem fluttust til þess frá F ehf. við samrunann. Með úrskurði Ríkisskattstjóra var tekjuskattstofn S hf. hækkaður, annars vegar með vísan til þess að skilyrði 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fyrir nýtingu eftirstöðva rekstrartaps hafi ekki verið uppfyllt við samrunann og hins vegar með vísan til þess að S hf. hafi verið óheimilt að draga frá tekjum sínum vaxtagjöld og gengismun vegna skulda sem félagið yfirtók frá F ehf.

S hf. höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist þess aðallega að úrskurðurinn yrði ógiltur en til vara að S hf. hafi verið óskylt að færa til tekna gengismun af lánum sem F ehf. hafði upphaflega tekið. S hf. reisti kröfur sínar á vanhæfi starfsmanna Ríkisskattstjóra til að fara með sakarefni málsins þar sem yfirmaður eftirlitssviðs ríkisskattstjóra hafði fjallað um öfugan samruna í fréttablaði Ríkisskattstjóra. Þeirri málsástæðu var hafnað, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 555/2012 (svonefndur„Toyota-dómur"). Þá var byggt á því að tveggja ára frestur Ríkisskattstjóra til endurákvörðunar hafi verið útrunninn þegar hann kvað upp úrskurð sinn. Þeirri málsástæðu var einnig hafnað á þeim forsendum að ekki hefði verið unnt að endurákvarða opinber gjöld S hf. á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir í skattskilum án þess að Ríkisskattstjóri sendi fyrirspurn og aflaði frekari gagna.

Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að kaup F ehf. á hlutum í S hf. áður en félögin voru sameinuð hafi eingöngu verið gerð í þeim tilgangi að færa eignarhald að S hf. í hendur stærstu hluthafa félagsins. Í því skyni hafi F ehf. stofnað til verulegra skulda sem færðar voru yfir til S hf., en nær engar eignir færðust á milli sem leiddi til verulegrar lækkunar á eigin fé félagsins. Að þessu gættu hafði samruninn engan venjulegan eða eðlilegan rekstrartilgang og af þeirri ástæðu var ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt til að flytja skattalegt tap F ehf. til S hf. Í forsendum héraðsdóms og úrskurði Ríkisskattstjóra kom einnig fram að F ehf., sem var eignarhaldsfélag og S hf. sem starfaði við útgerð og vinnslu fiskiskipa, höfðu ekki haft með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og að rekstrartap F ehf. hafi ekki myndast í sams konar rekstri og S hf. hafði með höndum.

Þá staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms og Ríkisskattstjóra um að S hf. hafi ekki verið heimilt að færa til frádráttar vaxtagjöld og gengismun vegna skulda F ehf. sem stofnuðust vegna kaupa á hlutum í S hf. Talið var að þar sem að skuldirnar tengdust ekki rekstri S hf. þá væru gjöldin samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 49. gr. laganna, ekki frádráttarbær í skattskilum S hf.

Varakrafa S hf. snerist um heimild félagsins til að draga gengistap frá gengishagnaði vegna skulda F ehf., sem skattskyldur væri samkvæmt 3. tl. C. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Hæstiréttur vísaði til fyrri niðurstöðu um að S hf. væri ekki heimilt að nýta sér frádráttarheimild 1. tl. 1. mgr. 31. gr. vegna gengistaps og það breytti ekki þeirri skyldu að telja bæri gengishagnaðinn til tekna, án tillits til þess hvort gjöld, sem rakin verða til sömu rótar, geti talist frádráttarbær í rekstri hans.

Var íslenska ríkið sýknað af kröfum S hf.

Dómur Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 323/2013 - vantaldar erlendar tekjur

Skattaðili dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til sektargreiðslu að fjárhæð 8,8 m.kr. fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum í fjögur ár og ekki talið fram arðgreiðslur frá erlendu félagi og vaxtatekjur af erlendum bankareikningi.

Í málinu var M sakfelld fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum í fjögur ár með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram arðgreiðslur frá erlendu félagi hennar á Bahamaeyjum, í formi greiðslna á úttektum hennar af erlendu greiðslukorti, og með því að telja ekki fram erlendar vaxtatekjur af bankareikningi í Jersey.

M krafðist frávísunar á málinu, meðal annars á grundvelli 4. gr. 7. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem segir að enginn skuli sæta lögsókn eða refsingu að nýju fyrir sama brot, svokölluð ne bis in idem regla. M hafði sætt endanlegum úrskurði yfirskattanefndar um álag á skattstofn vegna ætlaðra brota samkvæmt ákæru, en í því fælist refsing. Hæstiréttur vísaði til dóms Hæstaréttar í máli nr. 371/2010 þar sem sagði að á grundvelli þess að óvissu gætti um skýringu á bæði gildissviði og inntaki 4. gr. 7. samningsviðaukans og ákvörðunum mannréttindadómstólsins, yrði að hafna kröfu M um frávísun málsins sem studdist við regluna ne bis in idem.

M játaði að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum fjögur gjaldár. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að M hafi ekki gefið haldbærar skýringar á þeirri vanrækslu sinni að gefa ekki umræddar tekjur upp til skatts og yrði að virða það henni til stórkostlegs hirðuleysis í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Þá taldi dómurinn það auka mjög á saknæmi brotsins að M skyldi leyna skattyfirvöldum frá upphafi eignarhaldi sínu á hinu erlenda félagi og að brot hennar hafi tekið til efnislega rangra skattframtala fjögur ár í röð. M var gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði en refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára. Þá var M gert að greiða 8.800.000 kr. í sekt til ríkissjóðs.

Dómur Hæstaréttar frá 5. febrúar 2014 í máli nr. 62/2014 - Fjármálaeftirlitið gegn EA fjárfestingarfélagi ehf. - opinbert gjald sem búskrafa við slitameðferð fjármálafyrirtækis

Kröfur um opinber gjöld, þ.m.t. skatta, sem lögð eru á fjármálafyrirtæki í slitameðferð vegna tímabils eftir að þau hafa verið tekin til slita, flokkast sem búskröfur sem ganga framar forgangskröfum og almennum kröfum í skuldaröð.

Í máli þessu var deilt um hvaða rétthæðar opinbert gjald ætti að njóta við slitameðferð á fjármálafyrirtæki. E, sem starfaði sem fjármálafyrirtæki, hafði verið tekið til slitameðferðar samkvæmt ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í framhaldi af því tilkynnti Fjármálaeftirlitið um endur-álagningu eftirlitsgjalds á grundvelli laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, vegna tímabilsins eftir að E hafði verið tekið til slita. Ekki var ágreiningur í málinu um fjárhæð kröfunnar.

Fjármálaeftirlitið lýsti kröfu um greiðslu eftirlitsgjaldsins við slit E og krafðist þess að henni yrði skipað í réttindaröð samkvæmt 2. tölulið 110. gr. gjaldþrotalaga, eða sem svokölluð „búskrafa". Slitastjórn E viðurkenndi kröfuna en taldi hana eiga að njóta rétthæðar við slitin samkvæmt 113. gr. gjaldþrotalaga, eða sem svokölluð „almenn krafa". Héraðsdómur komst að þeirri sömu niðurstöðu að krafan ætti að njóta rétthæðar sem almenn krafa. Hæstiréttur vísaði til þess að óumdeilt væri að eftirlitsgjaldið hafi verið lagt á E vegna tímabils eftir að félagið var tekið til slita. Samkvæmt 3. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki ræðst rétthæð krafna við slit fjármálafyrirtækja af ákvæðum XVII. kafla gjaldþrotalaga.

Opinber gjöld, sem lögð eru á þrotabú vegna starfsemi þess eftir upphaf gjaldþrotaskipta, teljast til skiptakostnaðar samkvæmt 2. tl. 110. gr. gjaldþrotalaganna. Að því gættu leiðir af 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki að fara eigi með kröfu Fjármálaeftirlitsins á hendur fjármálafyrirtæki í slitameðferð á sama hátt og önnur opinber gjöld sem falla til eftir gjaldþrotaskipti. Hæstiréttur staðfesti því að kröfu um eftirlitsgjald, ásamt dráttarvöxtum, skyldi skipað í réttindaröð samkvæmt 2. tl. 110. gr. gjaldþrotalaganna.

Dómur Hæstaréttar frá 13. febrúar 2014 í máli nr. 607/2013 - H gegn íslenska ríkinu - óheimil úthlutun fjármuna úr félagi talin til launatekna

Óheimil úthlutun fjármuna úr einkahlutafélagi til hluthafa sem jafnframt er starfsmaður telst til launatekna móttakanda og skattleggjast því sem launatekjur en ekki sem fjármagnstekjur.

Í málinu var deilt um úrskurð Ríkisskattstjóra þar sem gerðar voru breytingar á opinberum gjöldum stefnandans gjaldárin 2007 og 2009. Með úrskurðinum hafði Ríkisskattstjóri endurákvarðað áður álögð opinber gjöld H fyrrgreind gjaldár á þeim grundvelli að H hefði borið að færa tvær greiðslur sem hann hafði fengið frá H ehf., sem var í eigu H til tekna sem laun. Þá hafði Ríkisskattstjóri beitt álagi á endur-álagninguna, þar sem vantaldar tekjur teldust stórfelldur annmarki á skattskilum H.

Krafa H var aðallega sú að fá framangreindan úrskurð Ríkisskattstjóra felldan úr gildi, en til vara að felld yrði úr gildi sú ákvörðun Ríkisskattstjóra að færa H til tekna aðra af framangreindum greiðslum og lækka á móti framtaldar arðstekjur um sömu fjárhæð.

Í forsendum að niðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að umræddar greiðslur hafi ekki verið í samræmi við 73. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem úthlutunin var hvorki vegna félagsslita né vegna lækkunar hlutafjár félagsins eða varasjóðs þess. Þá hefði heldur ekki verið um að ræða úthlutun arðs í samræmi við 74. gr. sömu laga, enda hefði hagnaður síðasta árs ekki verið til staðar né heldur yfirfærður hagnaður fyrri ára.

Þá var við úrlausn á því hvort úthlutun fjármunanna úr H ehf. hefði verið úr frjálsum sjóði félagsins samkvæmt heimild í 74. gr. framangreindra laga litið til þess að enginn slíkur sjóður hefði verið skilgreindur í ársreikningi félagsins og að ekki yrði ráðið af gögnum málsins að tekin hefði verið með formlegum hætti ákvörðun um úthlutun arðs samkvæmt 76. gr. sömu laga.

Þá vísaði dómurinn til þess að samkvæmt 74. gr. framangreindra laga þá myndast frjálsir sjóðir af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár og gæti gangvirðis-reikningur félagsins, sem H bar fyrir sig í þessu samhengi, ekki talist frjáls sjóður í merkingu ákvæðisins.

Að lokum taldi Hæstiréttur að ákvæði í lánssamning milli H ehf. og Glitnis banka gætu aldrei verið lögmætur grundvöllur að úthlutun arðs úr H ehf. nema fullnægt væri skilyrðum laga í þeim efnum.

Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum H.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. febrúar 2014 í máli nr. E-2835/2012 - frádráttur sölutaps á móti söluhagnaði hlutabréfa

Séu skilyrði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt ekki uppyllt, er skattaðila óheimilt að færa til frádráttar sölutap á móti söluhagnaði eigna.

Í málinu var deilt um hvort stefnendum málsins, B og E, hafi verið heimilt að færa meint sölutap sem myndaðist við sölu á bréfum í M á móti söluhagnaði sem myndaðist við sölu á hlutabréfum í G. Fóru stefnendur fram á að ógiltur yrði úrskurður yfirskattanefndar nr. 246/2011, en til vara að úrskurðurinn yrði felldur niður að hluta og breytt þannig að álag á tekjuviðbót yrði fellt niður.

Í forsendum að niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, kveði á um fjögur skilyrði fyrir framangreindum frádrætti. Í fyrsta lagi að um sölu hafi verið að ræða, í öðru lagi að um sams konar eignir hafi verið að ræða, í þriðja lagi að um tap hafi verið að ræða og í fjórða lagi að ráðstafanir hafi átt sér stað á sama ári.

Að mati stefnenda höfðu öll framangreind skilyrði verið uppfyllt og þeim hefði því verið heimill frádrátturinn.

Að mati dómsins var hin selda eign, þ.e. bréfin í M, ekki sams konar eign og hlutabréf þau sem seld voru í G. Bréfum í M hafi ekki fylgt hefðbundin réttindi hlutabréfa, til að mynda atkvæðisréttur á hluthafafundum eða réttur til arðs. Þá hafi bréfin ekki verið skráð á markaði og þau hafi ekki verið framseljanleg. Dómurinn féllst einnig á niðurstöðu yfirskattanefndar að bréfin í M hafi verið því sem næst verðlaus og verðlagning þeirra einungis að nafninu til. Að mati dómsins voru skilyrði til frádráttar samkvæmt framangreindu ákvæði því ekki uppfyllt og var B og E því óheimilt að færa sölutap vegna bréfanna í M á móti hagnaði af sölu hlutabréfa í G.

Íslenska ríkið var því sýknað af kröfum stefnenda.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:
Vala Valtýsdóttir, hdl.
Meðeigandi og sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs
Deloitte, sími: 580-3036

Ritstjóri:
Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte
sími: 580-3007

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee ("DTTL"), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as "Deloitte Global") does not provide services to clients. Please see **www.deloitte.com/about** for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2014 Deloitte ehf.

Member of
Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte.

Nýjar milliverðlagsreglur
- hvað þurfa fyrirtæki að hafa í huga?

Morgunverðarfundur

miðvikudaginn 19. mars kl. 8.30 - 10.00 á Grand Hótel Reykjavík

Deloitte stendur fyrir morgunverðarfundi um milliverðlagningu í viðskiptum tengdra aðila (e. transfer pricing). Á fundinum verður fjallað um nýlega löggjöf á þessu sviði sem tók gildi núna um áramótin.

Aðalræðumaður fundarins verður Morten Dyg Rasmussen sem er helsti sérfræðingur hjá Deloitte í Danmörku á sviði milliverðlagningar, en Deloitte í Danmörku þjónustar fyrirtæki víðs vegar um heim með verkefni tengd milliverðlagningu og hefur margsinnis verið valið besta ráðgjafafyrirtæki í Danmörku á því sviði.

Morten mun m.a. ræða reynslu Dana af reglum OECD á þessu sviði, en Danmörk var fyrst Norðurlanda til að innleiða reglurnar.

Auk Morten munu fulltrúar Deloitte á Íslandi og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins vera með erindi, en ráðuneytið hefur það verkefni með höndum að gefa út reglugerð á grundvelli nýju löggjafarinnar.

Skráning á **www.deloitte.is**, netfanginu **skraning@deloitte.is** og í síma **580-3000.**

Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík • léttur morgunverður frá kl. 8.00 • verð kr. 3.500.